

Breytingar í úrgangsmálum

Hvalfjarðarsveit

Ný tunna!

Fjórar tunnur við hvert heimili!

Um áramótin tóku gildi ný lög um úrgangsmál á Íslandi þar sem markmiðið er að draga úr myndun úrgangs og stuðla enn frekar að myndun endurvinnslusamfélags hér á landi.

Sama flokkunarkerfi mun gilda um allt land og verður skylt að flokka úrgang í a.m.k. sjö flokka sem eru: pappír/pappi, plast, lífúrgangur (matarleifar), textíll, málmar, gler og spilliefni.

Íbúar í Hvalfjarðarsveit fá afhenta nýja tunnu á næstu dögum og er mikilvægt að festa hana, sem og aðrar tunnur tryggilega.

Helstu breytingarnar verða þessar:

Við heimili þarf að sérsafna eftirtöldum úrgangsflokkum: Pappír/pappi, plast, lífúrgangur og þurfa þessir úrgangsflokkar að fara hver í sitt ílátíð (pappír og plast geta ekki lengur farið saman í tunnu).


Áfram verður blönduðum úrgangi safnað við heimili þar sem ýmislegt endar þar eins og einnota bleyjur og ryksugupokar.

Málmum, gleri og textíl verður safnað á grenndarstöð við Melahverfi. Ílát undir þessa úrgangsflokka er í pöntun hjá þjónustuaðila og kemur vonandi til landsins í febrúar. Íbúar munu fá tilkynningu þar um.

Sveitarfélagið mun einu sinni á ári bjóða upp á sérstaka söfnun spilliefna. Það verður auglýst sérstaklega.

Klippikort fyrir endurvinnslustöð Gámu að Höfðaseli 16 er áfram hægt að nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins.

Í tengslum við þessar breytingar fer fram ílátatalning alls staðar í sveitarfélaginu og er hún fyrirhuguð fimmtudaginn 12. janúar og föstudaginn 13. janúar. Starfsmenn frá Íslenska Gámafélaginu og Hvalfjarðarsveit munu sjá um þá talningu.



Lagabreytingin

Samtaka um hringrásarhagkerfið

Sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki þegar kemur að úrgangsstjórnun og innleiðingu hringrásarhagkerfis.

Umfangsmiklar lagabreytingar voru samþykktar á alþingi í júní 2021 um flokkun og endurvinnslu, hollustuhætti, mengunarvarnir, úrvinnslugjald og fleira.

Þessar breytingar komu flestar til framkvæmda 1. janúar 2023 og er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis svo stuðla megi að sjálfbærri auðlindanotkun og draga úr myndun úrgangs.

Lögin tóku gildi um áramótin en innleiðing breytinganna og aðlögun að þeim mun standa yfir allt árið 2023.

Sérsöfnun við íbúðarhús

Leiðbeiningar

Plastumbúðir: Í nýju tunnuna fara allar umbúðir úr hörðu og/eða mjúku plasti, t.d. plastpokar, hreinsiefnabrusar, skyrdósir og plastfilmur.

Pappír/pappi: Í eina af þessum fjórum tunnnum, fer pappír og pappi. Eins og áður flokkast eftirfarandi í þann flokk: dagblöð, tímarit, umslög, skrifstofupappír, bylgjupappi, fernur og aðrar umbúðir.

Lífúrgangur, matarleifar: Í brúnu tunnuna fara áfram matarleifar og kaffikorgur, tannstönglar og servíettur.

Almennur úrgangur: Óendurvinnanlegur úrgangur eins og bleyjur, ryksugupokar og tyggjó.

Íbúar í Hvalfjarðarsveit hafa staðið sig vel í að flokka og hefur lífúrgangi t.d. verið safnað síðan árið 2010 og því eru breytingarnar umfangsminni en hjá mörgum öðrum sveitarfélögum.

Við innleiðingu á nýju kerfi bætist við auka ílát ásamt því að allar tunnur verða endurmerktar á þessu ári. Íbúar bera ábyrgð á að festa ílátin.

Í dreifbýli verður ílátið fyrir pappír/pappa 660 lítra en 240 lítra annars staðar (eins og verið hefur).

Ný 240 l tunna verður keyrð heim á öll heimili í byrjun árs og er hún eingöngu ætluð fyrir plast.

Hér má sjá nýju, samræmdu flokkunarleiðbeiningarnar:

GARDAÚRGANGUR	MATARLEIFAR	GLER OG POSTULÍN	PAPPÍR	PAPPI	PLAST	MÁLMAR	BLANDADUR ÚRGANGUR
 GARDA- ÚRGANGUR	 MATARLEIFAR	 GLER	 PAPPÍR	 BYLGJUPAPPI	 PLASTUMBÚÐIR	 MÁLUMBÚÐIR	 BLANDADUR ÚRGANGUR
		 GLÆRT GLER	 DAGBLÓÐ	 SLETTUR PAPPÍ	 HART PLAST	 MÁLMAR	
		 LITAD GLER			 MJÚKT PLAST		
		 POSTULÍN					

Íbúafundur

Fyrirhugað er að halda kynningarfund þann 25. janúar kl. 17.30 í stjórnarsýsluhúsinu að Innrimel 3 þar sem þessar breytingar verða kynntar betur. Fulltrúar frá Íslenska Gámafélaginu verða á staðnum og svara spurningum ásamt starfsmönnum sveitarfélagsins. Nánari dagskrá verður auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins: www.hvalfjardarsveit.is.